

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufultrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Vilt þú efla samstarf Íslands og Bandaríkjanna í menntamálum?



Fulbright stofnunin leitar að háskólamenntuðum einstaklingi í fjölbreytt starf sem felst í almennum skrifstofustörfum, í stjórnslu og samskiptum tengdum Fulbright styrkjum, upplýsingagjöf og kynningarstarfi, og aðstoð við framkvæmdastjóra, skjalastjórnun og skipulagningu viðburða.

Við leitum að drífandi og lausnamiðuðum einstaklingi með góða skipulagshæfileika. Góð þekking á Bandaríkjunum og bandarísku menntakerfi er æskileg. Starfið krefst góðrar íslensku og ensku kunnáttu, ritfærni, þekkingar á helstu tölvuforritum og getu til að tileinka sér nýja tækni. Aðrar hæfniskröfur: Sveigjanleiki, þjónustulund og samskiptahæfni.

Við bjóðum áhugavert starf í alþjóðlegu umhverfi. Verkefni eru fjölbreytt og árstíðabundin - mæta þarf glaður hverri áskorun.

Upplýsingar um Fulbright stofnunina má finna á www.fulbright.is.

Til að sækja um starfið skal senda umsóknarbréf og ferilskrá á netfangið fulbright@fulbright.is merkt „Starfsumsókn 2025“. Umsóknarbréf skal vera á ensku, en ferilskrá á íslensku. Vinsamlegast tilgreinið tvo meðmælendur.

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar nk.

Embassy of India, Reykjavik Vacancy Notice

The Embassy of India in Iceland seeks to employ a marketing assistant for an initial period of 3 months which may be extended upto 1 year.

A Post graduate degree/Diploma in International Trade/Economics/Agriculture or Allied Sciences/Management or equivalent with experience is an essential requirement. Candidate must be proficient in Computer Skills- MS Office Suite, fluent in English and have interpretation level skills of Icelandic language.

The salary inclusive of Cost of Living Allowance is approximately Euro 4725/- per month.

Job description and other details may be obtained from the Embassy of India, Tungata 7, 101 Reykjavik. Interested candidates may send in their CVs in English only along with photographs at the email hoc.reykjavik@mea.gov.in latest by 31 January, 2025.



SNILLINGUR Í BÓKHALDI

LDX19 óskar eftir liðsauka til að efla fjármálasvið fyrirtækisins auk þess sem viðkomandi mun taka að sér önnur tengd verkefni í rekstri fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af störfum af þessum toga auk þess að hafa ríka þjónustulund gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af fjármálum, bókhaldi, bókun reikninga og rekstri almennt
- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi tölvuþekking, þekking á DK bókhaldskerfi mikill kostur

LDX19 er ört stækkandi fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 2011 og rekur 15 tísku-, undirfata- og barnafataverslanir á Íslandi undir vörumerkjum Lindex, Gina Tricot og Mayoral. Hjá félögunum starfa um 150 manns og hefur félagið verið valið Framúrskarandi fyrirtæki mörg ár í röð.

Umsóknum skal skilað til atvinna@lindex.is



Verkefnastjóri á þróunarsviði

Reitir leitar að drifandi verkefnastjóra á þróunarsviði í fjölbreytt og krefjandi starf. Viðkomandi stýrir þróunar- og umbreytingarverkefnum innan eignasafns Reita og vinnur náið með framkvæmdasviði, arkitektum og hagaðilum. Starfið spannar allt ferlið frá hugmynd til framkvæmda, þar sem hugmynda- og skipulagsvinna eru í forgrunni.


Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastýring þróunar- og umbreytingarverkefna
- Áætlanagerð, umsýsla og umsjón með fjármálum verkefna til að tryggja hagkvæmi
- Umsjón og eftirlit með skipulagsvinnu í samstarfi við hagaðila
- Greiningar og mat á hagkvæmni fjárfestinga
- Þátttaka í mótun verkefna, frá frumhönnun til undirbúnings framkvæmda
- Greining nýrra þróunartækifæra og innviða-uppbyggingar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tæknifræði, arkitektúr eða önnur menntun
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og reynsla af áætlanagerð og ferla- og gæðamálum er kostur
- Góð samskipta- og samstarfshæfni til að vinna með fjölbreyttum aðilum
- Skipulagshæfni og geta til að vinna bæði sjálfstætt og í teymisvinnu í fjölbreyttum verkefnum
- Jákvætt viðhorf, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að vaxa í starfi

Nánari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Reita: www.reitir.is/lausstorf



FJÁRMÁLASTJÓRI RANNSÓKNA-VERKEFNA

Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhl) er að auka og styrkja rannsóknþjónustu háskólans og leitar að reynslumiklum og metnaðarfullum fjármálastjóra rannsóknaverkefna til að ganga til liðs við rannsókn- og alþjóðateymi háskólans.

Um er að ræða mikilvægt hlutverk í rannsóknasamfélagi háskólans, þar sem nýr starfsmaður mun gegna lykilhlutverki við að veita stuðning og leiðsögn til að tryggja fjármögnun og stjórnun rannsóknaverkefna.

Umsóknarfrestur er til og með 24.01 2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Christian Schultze, rannsókn- og alþjóðafulltrúi, christian@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is

BÚSTJÓRI HVANNEYRAR-BUSINS EHF

Starf bústjóra Hvanneyrarbúsins ehf er laust til umsóknar.

Hlutverk Hvanneyrarbúsins er búrekstur í þágu kennslu- og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands.

Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhl og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgripaækt, sauðfjárrækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd.

Viðkomandi starfsmaður hefur umsjón með rekstri Hvanneyrarbúsins. Um fullt starf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 24.01 2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I Þórarinsdóttir, rektor, ragnheidur@lbhi.is
Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarsjóri, theodora@lbhi.is

DEILDARFORSETI

Laus er til umsóknar staða deildarforseta við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhl). Um er að ræða nýja stöðu við háskólann sem verður til við sameiningu þriggja fagdeilda Lbhl. Um er að ræða krefjandi starf við ört vaxandi alþjóðlega menntastofnun sem krefst m.a. hæfni í breytingastjórnun og faglegri stjórnun í akademísku umhverfi.

Landbúnaðarháskóli Íslands er mennta- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar, landnýtingar, umhverfisvísinda, landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða. Lbhl veitir BSc, MSc og PhD gráður ásamt því að bjóða upp á starfsmenntanám í búfræði á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til og með 31.01 2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I Þórarinsdóttir, rektor, ragnheidur@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is

KENNSLUFORSETI

Laus er til umsóknar staða kennsluforseta við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhl). Um er að ræða nýja stöðu við háskólann sem verður til við sameiningu þriggja fagdeilda Lbhl. Um er að ræða krefjandi starf við ört vaxandi alþjóðlega menntastofnun sem krefst m.a. hæfni í breytingastjórnun og faglegri stjórnun í akademísku umhverfi.

Landbúnaðarháskóli Íslands er mennta- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar, landnýtingar, umhverfisvísinda, landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða. Lbhl veitir BSc, MSc og PhD gráður ásamt því að bjóða upp á starfsmenntanám í búfræði á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til og með 31.01 2025


NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I Þórarinsdóttir, rektor, ragnheidur@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is



Við leiðum fólki saman





Við leitum að forstjóra

EIK

Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða forstjóra. Félagið, sem var stofnað árið 2002, er eitt af stærstu fasteignafélögum landsins og hefur sérhæft sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Frá upphafi hefur Eik fasteignafélag vaxið með áherslu á fjárfestingar í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins en félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Við leitum nú að öflugri manneskju með brennandi áhuga og kraft til að leiða áframhaldandi vöxt félagsins inn í framtíðina. Fram undan eru fjölmörg tækifæri þar sem viðskiptapróun, þjónusta og samvinna við hagaðila eru í lykilhlutverki.

Forstjóri leiðir öflugt starfsfólk félagsins, mótar stefnu í samvinnu við stjórn og ber ábyrgð á rekstri og uppbyggingu Eikar í síbreytilegu rekstrarumhverfi.

Hæfniskröfur

- Viðtæk reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfni og stefnumótandi hugsun
- Sölu- og þjónustudrifið hugarfar
- Geta til að byggja upp og viðhalda sterkri liðsheild og starfsánægju
- Glögg auga og staðföst trú á tækifæri
- Brennandi áhugi á fasteignum og skipulagsmálum
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Viðeigandi háskólamenntun

Leigutakar Eikar fasteignafélags eru fjölbreyttir og stunda ýmiss konar rekstur. Leigurémi eru frá 15 fermetrum upp í nokkur þúsund fermetra. Leigutakar félagsins eru um 500 talsins í meira en 650 leiguingum.

Hjá félaginu starfar fólk með fjölbreytta menntun og reynslu á fasteignamarkaði. Metnaður þess er að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og bjóða húsnæðislausnir í takt við mismunandi þarfir. Sú viðleitni grundvallast á gildum félagsins: fagmennsku, frumkvæði, léttleika og áreiðanleika.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **2. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is, og Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is.

